

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, Ós á Skógarströnd.

Skipulagsstofnun staðfesti 29. ágúst 2019 breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. júní 2019.

Í breytingunni felst að fristundabyggð F1 á jörðinni Ós á Skógarströnd stækkar úr 20 ha í 25 ha og lóðum fjölgar úr 10 í 18.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 29. ágúst 2019.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 13. september 2019